

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Snæfellsbæ.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c-lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 16.450.

2. gr.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsun, skráning, merking og ábyrgðartrygging.

3. gr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. apríl ár hvert og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

4. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktarinnar er kr. 8.400.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin og samþykkt var af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. desember 2011 er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá sama efnis nr. 24/2008.

*Snæfellsbæ, 9. desember 2011.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.